

# Manitobastjórnin og Alþýðumála-deildin

## Verjið uppskeruna fyrir myglu.

Það meir en borgar sig fyrir hvern bóna, að fara vel með fræ það, sem nota skal til sáningar, svo það geti eigi síðar meir orsakað myglu.

Hvað er myglu? Það eru ýmsar myglutegundir mjög algengar í kornuppskeru vorri í Vestur-Canada, en eftirfarandi lýsing mun þó að mestu leiti ná til þeirra allra.

Myglu í korni kemur fyrst verulega í ljós um uppskerutímann. Kornhöfudin eiga að vera um þær mundir þrungin af korni, en eru í þess stað full af sallafínu, svörtu dufti. Stundum er duft þetta laust, og hefir það þá þau áhrif, að myglulykt sterka leggur af hveitinu, og gerir það mikinn usla í hveiti-framleiðslu bænda, ef eigi er að gert í tíma. Aftur á móti fer myglan stundum í kúlur, svokallaða myglu-hnetti, er vaxa þar sem hveiti-kjarninn á að þroskast. Pessir smáu hnnettir eru innan í hýðinu, þar sem *kjarninn* mundi eiga heima, ef kornhöfuðið væri ósjúkt.

Pessir mygluhnettir þurfa að verða hreinsaðir í burtu, áður en þeir ná að útbreiðast eða verða að dufti. Venjulega skal útrýming þessa ófagnaðar fara fram um uppskeru eða þreskingartímann. — Það leynir sér ekki, ef um nokkra verulega myglu er að ræða, því lytkin segir til sín fljótlega, enda verður hveiti-kjarninn þá svartur útlits.

Petta svarta duft er í raun og veru ekki annað en svolitið frækorn — myglukorn. Ef að þessi myglukorn eru á fræinu um sáningartímann og enn með lífi taka þau þegar að gróa, en í stað þess að skjóta rótum ofan í jarðveginn, þá vaxa þau inn í hveitiplöntuna. Og um leið og hveitið, hafrarnir og byggið taka að gróa, þá vefjast mygluþræðirnir utan um jurtina og ræna næringarefninu, og svo, þegar til uppskerunnar kemur, hafa myglukornin orðið þess valdandi að í staðinn fyrir fallegt hveiti, hafra og bygg, verða ávextirnir bara svört myglukorn.

## Formalin-blanda.

Eina ráðið til þess að forðast myglu, verður það, að útrýma hinu svarta fræi, drepa það áður en korninu er sá á vorin. Og skal það gérta með eiturvökva (Formalin). — Formalin er hægt að kaupa í hvaða lyfjabúð, sem vera skal.

Eina mörk Formalins skal nota út í 40 gallons af vatni og hræra vel saman. Síðan skal láta kornið, sem verja á, í hreinan vagn-kassa eða þá á slétt, hreint gólf, og láta lagið vera nokkurra þumlunga þykt. Að því búnu skal skvetta nokkru af þessum legi yfir kornið og róta því um jafnharðan, og skiljast eigi fyr við, en alt er orðið jafn rakt, síðan skal moka korninu í hrúgu og breiða vel yfir með pokum og ábreiðum. Sterkasta eiturefnið í Formalin er gas, og til þess að gasáhrifin geti notið sín fyllilega á meðal kornsins, þarf það að vera byrgt, að minsta kosti yfir eina nótt.

Skyldi nú vera svo ástatt, að ekki væri hægt að sá fræi þessu innan skamms tíma, frá því það hefir verið þannig meðhöndlað, er nauðsynlegt að dreifa úr því, svo að það geti vel þornað, og varast þarf að frost geti náð til þess á meðan það er rakt, því með því móti gæti það ef til vill myglu, og yrði þá seinni villan argari hinni fyrri. Pokarnir, sem kornið verður flutt í út á akurinn, þurfa að vera vandlega hreinsaðir fyrst og síðan vættir í Formalin-blöndu af sama styrkleik og áður hefir verið tekið fram, og sömu aðferð skal nota við sáningar á-höldin. — Fjörutfu gallons Formalin-blöndu duga í fimtlu gallons af hveiti; en nokkru meira þarf fyrir hafra og bygg.

## Blásteinn

hefir verið all-mjög notaður af bændum, til þess að verja korn gegn myglu, en nú í ár er örðugt að fá blástein, og þar að auki er hann afar-dýr. Það er líkamiklu ódýrara og þægielgra á annan hátt að nota Formalin, heldur en blástein. Formalin getur upprætt ýmsar myglutegundir, sem blásteinn dugar ekki til.

Peir bændur, sem nota kornhreinsunarvél (Fanning Mill) rækilega, standa miklu betur að vígi gagnvart hættunni, sem oft stafar af myglu. Og undir öllum kringumstæðum borgar það sig fyrir bónann að nota kornhreinsunarvél, því við það er hann nokkurn veginn viss með að eins gott útsæðiskorn og framast getur hugsast.

Landbúnaðardeild Manitoba-fylkis. Hon. Valentine Winkler, ráðgjafi